



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

5. árg. 2. tölublað. Febrúar 2011

EFNI:

Lyfjaeftirlit
á Íslandi árið 2010

bls.
1

Biðlistar vegna
skurðaðgerða
á sjúkrahúsum
í febrúar 2011

bls.
2

Ritstjórn

Lilja Sigrún Jónsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

LYFJAEFTIRLIT Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2010

Lyfjagagnagrunnur Landlæknisembættisins er starfræktur til að hafa almennt eftirlit með ávisunum lækna á lyf, að fylgjast með þróun lyfjanotkunar og til þess að hafa eftirlit með ávana- og fíknilyfjum.

Liður í eftirlitinu er að skoða heildarfjölda ávísana á lyf á ársgrundvelli. Á árinu 2010 voru skv. lyfjagagnagrunni afgreiddar 2,4 milljónir lyfseðla. Lyfjaávisanir voru 2,7 milljónir, en fjöldi einstaklinga sem fékk ávísað lyfjum var 234.738. Hlutfall þeirra sem fengu eina til þrjár lyfjaávisanir á ári breyttist lítið frá árinu áður (tafla 1). Munur var þó á milli kynja að því leyti að hlutfallslega var ávísað meira af lyfjum til kvenna en karla, og skýrist það að hluta til af ávisunum á getnaðarvarnir.

Frá árinu 2003 hefur átt sér stað lítils háttar aukning lyfjaávísana á hverju ári. Fram til ársloka 2010 varð aukningin mest (4,6%) í hópi karla sem fá að minnsta kosti þrjár ávisanir á ári. Milli árana 2009 og 2010 jókst fjöldi ávísana í öllum lyfjaflokkum (tafla 2), sem er athyglisvert í ljósi þess að landsmönnum fækkaði milli þessara ára. Hið sama hefur gerst undanfarin ár á hinum Norðurlöndunum og er

skýringin talin vera sú að þjóðirnar eru að eldast. Það skýrir þó ekki hvers vegna ávisunum í einum lyfjaflokki fjölga meira en í öðrum.

Eftirlit með einstaklingum

Eftirlit með ávisunum til einstaklinga á ávanabindandi lyf er umfangsmesti þátturinn í starfrækslu lyfjagagnagrunnsins. Árið 2010 voru tilefni til eftirlitsaðgerða 1047, en þau voru 530 árið 2009, eða nær helmingi færri.

Einstök tilefni til athugunar á gögnum í lyfjagagnagrunni eru ýmist reglubundið eftirlit embættisins sjálfs eða ábendingar um lyfjanotkun einstaklings eða ávísana-venjur heilbrigðisstarfsmanns. Nær helmingur tilefna á árinu 2010 byggðist á faglegu eftirliti embættisins og fyrirsprungnum Sjúkratrygginga Íslands vegna afgreiðslu lyfjaskírteina, eða samtals 452 tilefni.

Önnur tilefni til eftirlitsaðgerða voru ábendingar aðstandenda, ábendingar Lyfjastofnunar, ábendingar lækna og lögreglu og

(Framhald bls. 2)

Tafla 1. Hlutfall lyfjaávísana þjóðarinnar eftir kyni, 2003 – 2010

Kyn	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009*	2010*
Prósentuhlutfall af þjóðinni sem fékk eina ávisun á ári								
Bæði kyn	72,0%	71,9%	73,8%	73,4%	73,7%	73,9%	73,3%	74,8%
Karlar	66,3%	66,9%	67,6%	66,7%	67,0%	67,3%	66,6%	68,6%
Konur	78,7%	78,0%	80,1%	80,3%	80,6%	80,8%	80,0%	81,1%
Prósentuhlutfall af þjóðinni sem fékk a.m.k. þrjár ávisanir á ári								
Bæði kyn	49,9%	50,7%	51,7%	51,9%	52,5%	52,8%	52,3%	53,8%
Karlar	41,0%	41,9%	43,2%	43,2%	43,8%	44,4%	43,9%	45,6%
Konur	58,8%	59,5%	60,4%	60,8%	61,4%	61,5%	60,6%	61,9%
Prósentuhlutfall af þjóðinni sem fékk a.m.k. fimm ávisanir á ári								
Bæði kyn	37,0%	38,3%	38,7%	39,3%	39,7%	40,0%	39,6%	40,9%
Karlar	28,9%	29,9%	30,9%	31,2%	31,7%	32,2%	31,9%	33,3%
Konur	45,2%	46,6%	46,6%	47,6%	48,2%	48,3%	47,4%	48,5%

Ath: Lyfjanotkun fólks á sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum kemur ekki fram í lyfjagagnagrunninum.

* Vélskömmtun á hjúkrunarheimilum meðtalin að hluta.

Heimild: Lyfjagagnagrunnur landlæknis, Hagstofa Íslands.

Á árinu 2010 voru afgreiddar 2,4 milljónir lyfseðla, en fjöldi einstaklinga sem fékk ávísað lyfjum var 234.738.

Áætlaður biðtími eftir aðgerð á hjartalokum hefur lengst umtalsvert milli áranna 2009 og 2010.

fyrirspurnir einstaklinga. Mjög hefur færst í vöxt að læknar afli sér upplýsinga um lyfjasögu einstaklinga í lyfjagagnagrunni Landlæknisembættisins og hefur sú upplýsingaöflun verið gerð einfaldari og hraðvirkari.

Fyrir utan reglulegar úttektir Landlæknisembættisins á lyfjanotkun fær fjöldi rannsóknaraðila aðgang að gögnum í Lyfja-

gagnagrunni embættisins að uppfylltum skilyrðum. Í þeim rannsóknum er reynt að leita skýringa á breytingum á fjölda ávísana. Stærri rannsóknir hafa einnig verið gerðar með samkeyrslu við aðra gagnagrunna.

Ólafur B. Einarsson

Tafla 2 Fjöldi ávísana og notenda eftir 12 ATC flokkum árið 2010 og breyting frá 2009

ATC	Flokkur	Fjöldi ávísana		% breyting	Fjöldi notenda		% breyting
		2009	2010		2009	2010	
A	Meltingarfæra- og efnaskiptalyf	236779	245925	3,9%	50957	51498	1,1%
B	Blóðlyf	89272	94536	5,9%	19266	19504	1,2%
C	Hjarta- og æðasjúkdómalyf	538969	564346	4,7%	63923	65582	2,6%
D	Húðlyf	92532	93039	0,5%	50176	50850	1,3%
G	Þvagfæralyf, kvensjúkdómalyf og kynhormónar	179075	181693	1,5%	55114	55411	0,5%
H	Hormónalyf, önnur en kynhormónar	77411	82596	6,7%	26393	27781	5,3%
J	Sýkingalyf	234876	238695	1,6%	118851	118871	0,0%
L	Æxlishefjandi lyf og lyf til ónæmistemprunar	14398	15418	7,1%	4337	4499	3,7%
M	Vöðvasjúkdóma- og beinagrindarlyf	152407	155085	1,8%	63878	63910	0,1%
N	Tauga- og geðlyf	946334	951505	0,5%	103794	103238	-0,5%
R	Öndunarfæralyf	155208	159491	2,8%	61612	60867	-1,2%
S	Augn- og eyrnalyf	79278	80775	1,9%	38763	39536	2,0%

Heimild: Lyfjagagnagrunnur landlæknis (sjúkrahús og hjúkrunarheimili ekki meðtalin).

BIÐLISTAR VEGNA SKURÐAÐGERÐA Á SJÚKRAHÚSUM Í FEBRÚAR 2011

Nú hafa verið birtar á vef Landlæknisembættisins upplýsingar um fjölda sjúklinga á biðlista eftir völdum aðgerðum í febrúar 2011. Heildaryfirlit yfir stöðu á biðlistum er að finna á síðunni [Aðgerðir og biðlistar – tölur](#) á vefsetri embættisins. Hafa ber í huga að tölurnar ná einungis yfir þá sem beðið hafa 3 mánuði eða lengur eftir aðgerð.

Að þessu sinni eru auk upplýsinga um fjölda á biðlista birtar upplýsingar um fjölda framkvæmdra aðgerða árin 2009 og 2010. Einnig eru birtar upplýsingar um áætlaðan biðtíma þar sem hann liggur fyrir. Áætlaður biðtími er gefinn upp í heilum vikum og gefur til kynna mat stjórnenda viðkomandi sjúkrahúsa á því hversu lengi sjúklingur gæti þurft að bíða eftir tiltekinni aðgerð. Upplýsingar um áætlaðan biðtíma nýtast bæði sjúklíngum og stjórnendum sjúkrahúsa.

Staða á biðlistum í febrúar 2011

Almennt virðist sem ekki hafi orðið fjölgun á biðlistum frá í október 2010. Ýmist hefur fjöldinn staðið í stað eða eilítil fækkun orðið.

- Ekki er að merkja fjölgun á biðlista eftir **gerviliðaaðgerðum á mjöðm** eða **gerviliðaaðgerðum á hné líkt** og raunin var í október 2010. Biðlisti eftir gerviliðaaðgerðum á mjöðm stendur í stað en nokkur fækkun hefur orðið á biðlista eftir gerviliðaaðgerðum á hné (úr 330 í október 2010 í 306 nú). Þrátt fyrir þessa fækkun er biðlistinn alllangur og að sama skapi áætlaður biðtími, sem er allt að einu og háflu ári. Heildarfjöldi framkvæmdra mjaðmarliðaaðgerða árið 2010 var 635 en hnjáliðaaðgerðir voru 367 á sama tímabili.
- Biðlisti eftir **gallsteinaaðgerðum** hefur styst aftur eftir að hafa lengst talsvert við síðustu athugun (27 voru á biðlista í október 2010 en 17 nú). Í febrúar á síðasta ári voru einungis 7 á biðlista. Mun fleiri aðgerðum var þó sinnt árið 2010 en árið 2009, eða 690 á móti 497.
- Fækkun hefur orðið á biðlista eftir **hjarta- og/eða kransæðamyndatöku** (kransæða-

Nú eru einungis fimm á biðlista eftir hjarta- og kransæða-myndatöku (kransæðavíkkar meðtaldar).

víkkar meðtaldar). Í október í fyrra hafði talsverð fjölgun orðið á biðlistanum en svo virðist sem sú endurskipulagning sem þá var fyrirhuguð á eftirfylgd sjúklunga í lok hjartaþræðingar á Landspítalanum hafi gefið góða raun því að nú eru einungis 5 á biðlista. Alls voru framkvæmdar 1795 aðgerðir árið 2010 samanborið við 1455 árið 2009.

- Eftir nokkra fjölgun á biðlista vegna **hálskirtlatöku** við síðustu mælingu er listinn nú aftur orðinn svipaður og hann var í febrúar 2010. Fækkunin frá í október hefur orðið mest á Landspítala en einnig á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi þar sem enginn er nú á biðlista eftir hálskirtlaaðgerð.
- Biðlisti eftir **skurðaðgerð á augasteini** er svipaður og við síðustu athugun en nokkuð styttri en hann var í febrúar í fyrra. Mikil fækkun varð á listanum á milli árána 2009 og 2010, sem skýrist m.a. af því að yfir 60% aukning varð á framkvæmdum aðgerðum á þessum tíma.

Munur eftir árstíma

Biðlistar geta verið mismunandi eftir árstíma, t.d. vegna sumarleyfa starfsmanna. Við samanburð er því rétt að líta einnig til fjölda á biðlista á sama tíma fyrri ár. Í samanburði við stöðu á biðlistum í febrúar 2010 má greina nokkra fjölgun á eftirfarandi biðlistum:

- Biðlisti eftir **aðgerðum til brjóstaminnkunar** hefur lengst nokkuð frá því á sama tíma fyrir ári en er hins vegar svipaður og við síðustu úttekt, í október 2010. Í febrúar 2010 voru 84 á biðlista en 109 nú. Þess ber þó að geta að samkvæmt upplýsingum frá Landspítala ber við

túlkun þessa biðlista að hafa í huga að einhver hluti þeirra sjúklunga sem bíða vinnur að því að mæta forkröfum aðgerðar um að léttast. Það er því óvíst hvort allir á biðlistanum eru í raun tilbúnir til þess að fara í aðgerð.

- Biðlisti eftir **aðgerðum vegna legsigs** er talsvert lengri nú en á sama tíma í fyrra þrátt fyrir að hann hafi styst örlítið frá því í október. Nú eru 144 konur á biðlista eftir legsigaðgerð.

Áætlaður biðtími

Embættið hefur kallað eftir upplýsingum um áætlaðan biðtíma frá því í október 2009 og birtir nú samanburð milli febrúar 2011 og febrúar 2010. Af þeim samanburði vekur helst eftirtekt að áætlaður biðtími eftir aðgerð á hjartalokum hefur lengst umtalsvert milli ára. Í febrúar 2010 var áætlaður biðtími 3,5 vikur en er nú 11,4 vikur.

Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala hefur þurft að fresta aðgerðum vegna mikils álags á sjúkrahúsinu í desember og janúar. Þar að auki er talið að 6 stöðugildi þurfi við brjóstholsskurðlækningar en nú eru tæplega 3 stöðugildi fyllt. Nýting á legudeildum skurðlækningasviðs hefur auk þess verið há undanfarið. Á gjörgæsludeildinni við Hringbraut, þar sem öllum sjúklungum sem fara í hjartaaðgerð er sinnt, var nýtingin yfir 100% í janúar 2011. Ennfremur er bent á að frá því í september 2009 eru færri skurðstofur á Landspítala í notkun, fjöldi skurðaðgerða hefur dregist saman og biðlistar hafa í einhverjum tilvikum lengst.

Það skal þó tekið fram að fáir eru á biðlista vegna aðgerða á hjartalokum eða einungis einn nú í febrúar, í samanburði við sex í febrúar 2010.

Svanhildur Þorsteinsdóttir